



Reykjavík, 6. febrúar 2013.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Varðar frumvarp til laga um happdrætti, 477. mál

Happdrætti D.A.S. barst erindi frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 22. jan. s.l. er varðar ofangreint frumvarp þar sem óskað er umsagnar.

Frumvarp þetta kemur til með að styðja við þá ákvörðun íslenskra yfirvalda að banna erlendum happdrættum að starfa á Íslandi með því að setja þær skorður sem nauðsynlegar eru með því að festa það í lög en þó þannig að þær brjóti ekki gegn ákvæðum laga ESB um frjálst flæði vöru og fjármagns á milli landa.

Með stofnun Happdrættisstofu er verið að færa valdið og eftirlitið úr ráðuneytinu yfir í sérstaka stofnun. Eftirlit með happdrættum er mikilvægt fyrir alla aðila og þannig undirstrika að þau skuli starfa skv. lögum og reglugerðum svo koma megi í veg fyrir óeðlilega viðskiptahætti.

Happdrætti DAS er eitt fárra fyrirtækja þar sem eftirlit með rekstri þess er í hámarki. Fulltrúar úr ráðuneytinu hafa tekið út happdrættisforritið og gengið úr skugga um að það virki eðlilega. Forritið er svo innsiglað eftir hvern útdrátt í sérstakri tölvu sem er sjálfstæð og ekki tengd við önnur forrit.

Happdrættisráð Happdrættis DAS hefur umsjón með og annast eftirlit með útdráttum hverju sinni. Laun ráðsins greiðast af Happdrætti DAS. Ráðið skipa starfsmenn ráðuneytisins. Ráðið fer yfir tillögur að nýrri vinningaskrá árlega og þarf samþykki þess til að vinningaskrá megi birtast.

Þá er löggiltur endurskoðandi með sérfræðing á sínum vegum sem fer yfir allt tölvukerfi happdrættisins og kannar hvort breytingar hafa orðið á milli ára og ritar nákvæma skýrslu um ástand og öryggi gagna.

Með stofnun Happdrættisstofu ber Happdrætti DAS að greiða svipaða upphæð og nú þegar er greidd fyrir eftirlit Happdrættisráðs Happdrættis DAS.

Eðlilegt má telja að allt eftirlit sé á einni hendi með stofnun Happdrættisstofu. Annars væri verið að innheimta tvöfaldan kostnað við sama eftirlitið.

Því er lagt til að Hapdrættisráð Hapdrættis DAS verði lagt niður og Hapdrættisstofa eða fulltrúar á hennar vegum hafi eftirlit með útdráttum hverju sinni og þá komi ekki til önnur greiðsla en sú er innt verður af hendi til reksturs Hapdrættisstofu.

“Áramót” Hapdrættis DAS eru 30. apríl ár hvert. Hapdrættisárið stendur frá 1. maí – 30. apríl. Því er útilokað að ársreikningur verði tilbúinn 1. júlí ár hvert. Skv. upplýsingum frá löggiltum endurskoðanda er yfirleitt talað um í lögum um tiltekinn fjölda mánuða frá því að rekstrarári lýkur. Því er mikilvægt að í stað dagsetningar sé fjallað um ákveðinn fjölda mánuða frá lokun rekstrarárs. Það er mikilvægt að úr þessu verði bætt.

Varðandi álagningu á eftirlits- og forvarnargjaldi er Hapdrættisstofu heimilað að taka sjálfstæða ákvörðun um hækkun gjaldsins. Þessi heimild er að okkar mati vafasöm í meira lagi og nauðsynlegt að það sé ráðherra sem ákveðið gjaldið í samráði við aðila málsins.

Þá vekjum við athygli á því að breyta á lögum þeirra hapdrætta sem starfa skv. sérstökum lögum. Í flestum tilvikum snýst þetta um að taka út orðið “ráðherra” og setja inn “Hapdrættisstofa” í staðinn.

Í lögum um Hapdrætti Háskóla Íslands er bætt við texta umfram önnur hapdrætti þar sem því er veitt undanþága að fengnu samþykki ráðherra til að reka hapdrætti á netinu. Þarna er verið að mismuna íslenskum hapdrættum verulega og brýtur gegn ákvæðum jafnræðisreglunnar. Farið er fram á að þessi texti verði tekinn út.

Stjórn Hapdrættis DAS leggur til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á lögnum:

i. (11. gr.)

Hapdrættisstofa

Í 4 mgr. stendur: “Þeir sem standa skulu skil á eftirlits- og forvarnargjaldi skv. 1. mgr. skulu skila Hapdrættisstofu upplýsingum um tekjur sínar skv. 2. mgr. fyrir næstliðið rekstrarár eigi síðar en 1. júlí ár hvert.” (tilvísun lýkur)

Í stað 1. júlí komi: “ eigi síðar en 6 mánuðum eftir að rekstrarári lýkur”

Síðasta málsgrein verði annað hvort felld út eða það komi álíka texti og segir:

“Hapdrættisstofu að fengnu samþykki ráðherra og þeirra aðila er að málinu koma verði heimilt að ákvarða álagningu eftirlits- og forvarnargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar”

10. gr.

Breytingar á öðrum lögum

1. c. Þessi liður verði tekinn út.

Með fyrirfram þökk í von um að sjónarmið Hapdrættis DAS fái góðan hljómgrunn og samþykki.

f. h. Hapdrættis DAS,



Guðmundur Hallvarðsson
stjórnarformaður



Sigurður Ágúst Sigurðsson
forstjóri